



# Verk sem Kjarval gerði í útlöndum

Ný sýning á verkum Kjarvals verður opnuð um leið og sýningin á verkum Ásgerðar og nefnist hún *Jóhannes S. Kjarval: Að utan*. Sýningarstjóri er Edda Haraldsdóttir. Á sýningunni má sjá verk sem Kjarval vann á árunum 1911 til 1928 og eiga sameiginlegt að vera öll gerð utan landsteinanna. Má sjá málverk og teikningar sem sjaldan koma fyrir almenningssjónir og gefa innsýn í mótunarár Kjarvals og áhrifavalda þessa mikilvirta málara sem þekktastur er fyrir túlkun sína á íslenskri náttúru, eins og segir á vef Listasafns Reykjavíkur.

Kjarval stundaði nám í Danmörku og dvaldi um hríð í London, á Ítalíu og í Frakklandi og kynnti sér lykilverk í alþjóðlegri menningarsögu og nýjustu hræringar í samtímalist, segir á vefnum og að árið 1911 hafi ræst langþráður draumur Kjarvals þegar hann hélt í sína fyrstu för til útlanda, til London. Hafði dvölin þar mikil áhrif á Kjarval og listsköpun hans. Þaðan hélt hann til Kaupmannahafnar og stundaði nám við Det Tekniske Selskabs Skole og Konunglega listaháskólann.

Í Danmörku vann Kjarval mörg af sínum þekktari verkum.

Árið 1920 hlaut Kjarval styrk á fjárlögum til Rómarferðar og hélt þangað með eiginkonu sinni og ferðaðist um Ítalíu. Sneri hann aftur



Morgunblaðið/Ólafur K. Magnússon

**Hugsi Jóhannes Sveinsson Kjarval á vinnustofu sinni árið 1968.**

með fjölda verka og þá aðallega vatnslita- og pensilteikningar. Árið 1928 fór Kjarval í langþráða ferð til Frakklands og var með vinnustofu í París og dvaldi einnig í Fontainebleau-skógi utan við borgina. Vann hann þar röð franskra skógarmynda. Ári eftir Frakklandsdvölinna ákvað Kjarval að leggja fyrir sig íslenskt landslag og eru verkin á sýningunni því öll gerð fyrir árið 1929, á fyrri hluta ferils listamannsins, verk sem hann vann í London, Danmörku, á Ítalíu og í Frakklandi.